

Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði.

Grundvöllur skipulags þjóðkirkjunnar

1. gr.

Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar. Söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall. Prestaköll mynda prófastsdæmi.

Prófastsdæmi mynda vígslubiskupsumdæmi.

Sóknir, prestaköll og prófastsdæmi mynda eitt biskupsdæmi á Íslandi.

Skálholtsumdæmi

2. gr.

Sóknir mynda þau prestaköll og prófastsdæmi sem tilgreind eru í ákvæðum 3. gr. - 8. gr. og mynda umdæmi vígslubiskups í Skálholti.

Suðurprófastsdæmi

3. gr.

Prestaköll í Suðurprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Bjarnanesprestakall: Bjarnanes-, Brunnhóls-, Hafnar-, Hofs- og Kálfafellsstaðarsóknir.

Kirkjubæjarklaustursprestakall: Grafar-, Langholts-, Prestsbakka- og

Þykkvabæjarklaustursóknir.

Víkurprestakall: Ásólfskála-, Eyvindarhóla-, Reynis-, Skeiðflatar-, Víkur- og Stóra-Dalssóknir.

Breiðabólstaðarprestakall: Akureyjar-, Breiðabólstaðar-, Hlíðarenda-, Kross- og Stórólshvolssóknir.

Fellsmúluprestakall: Árbæjar-, Haga-, Kálfhólts-, Marteinstungu- og Skarðssóknir.

Oddaprestakall: Odda- og Keldna- og Þykkvabæjarsóknir.

Vestmannaeyjaprestakall: Ofanleitissókn.

Hveragerðisprestakall: Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir.

Hrunaprestakall: Hrepphóla-, Hruna-, Ólafsvalla- og Stóra-Núpssóknir.

Árborgarprestakall: Eyrarbakka-, Gaulverjabæjar-, Hraungerðis-, Laugardæla-, Selfoss-, Stokkseyrar- og Villingaholtssóknir.

Skálholtsprestakall: Bræðratungu-, Haukadals-, Miðdals-, Mosfells-, Skálholts-, Torfastaða-, Úlfjótsvatns- og Þingvallasóknir.

Þorlákshafnarprestakall: Hjalla- og Strandarsóknir.

Kjalarnesprófastsdæmi

4. gr.

Prestaköll í Kjalarnesprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Garðaprestakall: Bessastaða- og Garðasóknir.

Grindavíkurprestakall: Grindavíkursókn.

Hafnarfjarðarprestakall: Hafnarfjarðarsókn.

Keflavíkurprestakall: Keflavíkursókn.

Mosfellsprestakall: Lágafellssókn.

Njarðvíkurprestakall: Kirkjuvogs- og Njarðvíkursóknir.

Reynivallaprestakall: Brautarholts- og Reynivallasóknir.

Tjarnaprestakall: Ástjarnar- og Kálfatjarnarsóknir.

Útskálaprestakall: Hvalsnes- og Útskálasóknir.

Víðistaðaprestakall: Víðistaðasókn.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

5. gr.

Prestaköll í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Árbæjarprestakall: Árbæjarsókn.

Breiðholtsprestakall: Breiðholts-, Fella- og Hólasóknir.

Digranes- og Hjallaprestakall: Digranes- og Hjallasóknir.

Grafarholtsprestakall: Grafarholtssókn.

Grafarvogsprestakall: Grafarvogssókn

Kársnesprestakall: Kársnessókn.

Lindaprestakall: Lindasókn.

Seljaprestakall: Seljasókn.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

6. gr.

Prestaköll í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn.

Fossvogsprestakall: Bústaða- og Grensásóknir.

Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn.

Háteigsprestakall: Háteigssókn.

Laugardalsprestakall: Ás-, Langholts- og Laugarnessóknir.

Nesprestakall: Nessókn.

Seltjarnarnesprestakall: Seltjarnarnessókn.

Vesturlandsprófastsdæmi

7. gr.

Prestaköll í Vesturlandsprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Borgarprestakall: Akra-, Álftanes-, Álftártungu- og Borgar- og Borgarnessóknir.

Garða- og Saurbæjarprestakall: Akranes-, Innra-Hólms-, Leirár- og Saurbæjarsóknir.

Reykholtsprestakall: Bæjar-, Fitja-, Hvanneyrar-, Lundar-, Reykholts- og Síðumúlasóknir.

Stafholtsprestakall: Hvamms-, Norðtungu- og Stafholtssóknir.

Dalaprestakall: Hjarðarholts-, Hvamms-, Kvennabrekku-, Skarðs-, Snóksdals-, Staðarfells- og Stóra-Vatnshornssóknir.

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólprestakall: Ingjaldshóls- og Ólafsvíkursóknir.

Setbergsprestakall: Setbergssókn.

Staðastaðarprestakall: Búða-, Fáskrúðarbakka-, Hellna-, Kolbeinstaða-, Staðarhrauns- og Staðastaðarsóknir.

Stykkishólmsprestakall: Bjarnarhafnar-, Breiðabólsstaðar-, Flateyjar-, Helgafells-, Narfeyrar- og Stykkishólmsóknir.

Vestfjarðaprófastsdæmi

8. gr.

Prestaköll í Vestfjarðaprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Breiðafjarðar- og Strandaprestakall: Árnes-, Drangsnæs-, Garpsdals-, Gufudals- og Reykhóla-, Hólmavíkur-, Kaldrananes-, Kollafjarðarnes-, Melgraseyrar-, Nauteyrar-, Óspakseyrar- og Staðarhólssóknir.

Ísafjarðarprestakall: Holts-, Hóls-, Hrafnseyrar-, Kirkjubóls-, Ísafjarðar-, Mýra, Núps-, Staðar-, Súðavíkur-, Sæbóls-, Unaðsdals- og Þingeyrarsóknir.

Patreksfjarðarprestakall: Bíldudals-, Breiðuvíkur-, Brjánslækjar-, Haga-, Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Stóra-Laugardalssóknir.

Hólaumdæmi

9. gr.

Sóknir mynda þau prestaköll og prófastsdæmi sem tilgreind eru í ákvæðum 10 .gr. - 12. gr. og mynda umdæmi vígslubiskups á Hólum.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

10. gr.

Prestaköll í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Húnavatnsprestakall: Auðkúlu-, Bergsstaða-, Blönduóss-, Bólstaðarhlíðar-, Hofs-, Holtastaða-, Höfða- og Höskuldsstaða-, Melstaðar-, Prestbakka-, Staðarbakka-, Staðar-, Svínavatns-, Tjarnar- og Hvammstanga-, Undirfells-, Víðidalstungu- og Þingeyrasóknir.

Skagafjarðarprestakall: Barðs-, Fells-, Flugumýrar-, Glaumbæjar-, Goðdala-, Hofsós-, Hofsstaða-, Hóla-, Hvamms-, Ketu-, Miklabæjar-, Mælifells-, Reykja-, Reynistaðar-, Rípur-, Sauðárkróks-, Silfrastaða-, og Viðvíkur- og Víðimýrarsóknir.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

11. gr.

Prestaköll í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Akureyrar- og Laugalandsprestakall: Akureyrar-, Grundar- og Kaupangssóknir.

Dalvíkurprestakall: Dalvíkur-, Hríseyjar-, Miðgarða-, Möðruvallaklausturs- og Stærra-Árskógssóknir.

Glerárprestakall: Lögmannshlíðarsókn.

Ólafsfjarðarprestakall: Ólafsfjarðarsókn.

Siglufjarðarprestakall: Siglufjarðarsókn.

Langaness- og Skinnastaðarprestakall: Garðs-, Raufarhafnar-, Skinnastaðar-, Snartastaða- og Svalbarðs- og Þórshafnarsóknir.

Laufásprestakall: Grenivíkur-, Háls-, Laufáss-, Ljósavatns-, Lundarbrekku- og Svalbarðssóknir.

Þingeyjarprestakall: Einarstaða-, Grenjaðarstaðar-, Húsavíkur-, Nes-, Reykjahlíðar-, Skútustaða-, Víðirhóls-, Þóroddsstaða- og Þverársóknir.

Austurlandsprófastsdæmi

12. gr.

Prestaköll í Austfjarðarprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Egilsstaðaprestakall: Ás-, Bakkagerðis-, Egilsstaða-, Eiða-, Eiríksstaða-, Hjaltastaða-, Hofteigs-, Kirkjubæjar-, Möðrudals-, Seyðisfjarðar-, Sleðbrjóts-, Vallanes-, Valþjófsstaðar- og Þingmúlasóknir.

Hofsprestakall: Hofs-, Skeggjastaða- og Vopnafjarðarsóknir.

Austfjarðaprestakall: Berufjarðar-, Berunes-, Brekku-, Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala-, Hofs-, Kolfreyjustaðar-, Norðfjarðar-, Reyðarfjarðar- og Stöðvarfjarðarsóknir.

Tillöguréttur sóknarmanna á skipan sókna

13. gr.

Sóknarbörn geta gert tillögu um breytingu á sóknaskipan innan þess prestakalls sem sókn þeirra er staðsett í. Tillaga um breytingu á skipan sókna skal borin fram á viðkomandi safnaðarfundi/safnaðarfundum. Hljóti hún samþykki safnaðarfundarins/safnaðarfundanna, skal sóknarnefnd/sóknarnefndir fylgja þeirri samþykkt eftir. Með tillögu um sameiningu sókna skal gerð grein fyrir því hvaða kirkja henti best sem sóknarkirkja. Tillagan skal send biskupi Íslands, sem býr málið til flutnings á kirkjuþingi á grundvelli 14. gr.

Sé um tillögu að skiptingu sóknar að ræða skal hún send biskupi hljóti hún samþykki á safnaðarfundi.

Breytingar á skipan sókna

14. gr.

Biskup Íslands, vígslubiskupar og fulltrúar á kirkjuþingi geta lagt fram tillögu um breytingu á skipan sókna. Tillagan skal, áður en hún er lögð fram á kirkjuþingi, kynnt með fullnægjandi hætti fyrir söfnuðum þeim sem í hlut eiga, vígðum þjónum sem þeim þjóna og á héraðsfundi og ef við á, biskupafundi. Tillaga verður ekki tekin til meðferðar á kirkjuþingi og afgreidd nema fyrir liggi greinargerð þeirra safnaða sem í hlut eiga.

Breytingar á skipan prestakalla

15. gr.

Biskup Íslands, vígslubiskupar og fulltrúar á kirkjuþingi geta lagt fram tillögu um breytingu á skipan prestakalla, s.s. sameiningu þeirra, stofnun nýrra eða tilfærslu sókna milli prestakalla.

Tillagan skal, áður en hún er lögð fram á kirkjuþingi, kynnt með fullnægjandi hætti fyrir söfnuðum þeim sem mynda viðkomandi prestaköll, vígðum þjónum sem þeim þjóna og á héraðsfundi og ef við á, biskupafundi.

Skulu fram komnar umsagnir fylgja tillögunni við framlagningu á kirkjuþingi.

Breytingar á skipan prófastsdæma

16. gr.

Biskup Íslands, vígslubiskupar og fulltrúar á kirkjuþingi geta lagt fram tillögu um breytingu á skipan prófastsdæma.

Tillagan skal, áður en hún er lögð fram á kirkjuþingi, kynnt með fullnægjandi hætti fyrir söfnuðum þeim sem mynda viðkomandi prestaköll, vígðum þjónum sem þeim þjóna og á héraðsfundi og ef við á, biskupafundi.

Skulu umsagnir fylgja tillögunni við framlagningu á kirkjuþingi.

17. gr.

Biskupafundur kannar árlega hvort þörf er á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum eða aðstæðum að öðru leyti, sbr. 5. gr. starfsreglna um biskupafund nr. 34/2022-2023. Við mat á skipan sókna skal einnig líta til þjónustuþarfa, svo og sögulegra og menningarlegra verðmæta.

Þess skal gætt að sókn geti uppfyllt skilyrði um rekstur og fjárhag sókna.

18. gr.

Sé sókn skipt skal uppgjör vegna eigna og skulda fara eftir hlutfallstölu sóknarmanna. Sóknarkirkja ásamt búnaði tilheyrir þeirri sókn þar sem kirkjan stendur. Þegar kirkjusókn er skipt og ný stofnuð, í nýju byggðahverfi, á hin nýja sókn óskert tilkall til þeirra fjármuna, sem sóknarmenn hinnar nýju sóknar hafa sannanlega lagt til eldri sóknarinnar, þó að frádreginni sanngjarnri þóknun fyrir þá þjónustu, sem sóknarmenn nýju sóknarinnar nutu, meðan sóknin var óskipt. Heimilt er að hafa fjárskil eftir annarri reglu ef um það næst samkomulag milli sóknanna. Framkvæmd fjárskipta er í höndum þriggja manna skilanefndar sem framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar tilnefnir hverju sinni.

Sé ein eða fleiri sóknir færðar úr prófastsdæmi í annað prófastsdæmi skal fara fram fjárhagslegt uppgjör. Skulu hlutfallslegar tekjur og eignir fylgja í það prófastsdæmi sem sókn flyst til.

19. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

Samþykkt á kirkjuþingi 27. október 2023 og birt á opnum vef kirkjunnar 15. nóvember 2023.

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.